



Sjúkraliðafélag Íslands

9. febrúar 2018

Formannskjör í Sjúkraliðafélagi Íslands

Kjörstjórn Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) hefur hafið undirbúning kosningar um nýjan formann félagsins. Kjörtímabil sitjandi formanns rennur út í maí 2018. Auglýst er eftir framboðum til formanns félagsins, kjörgengir eru allir félagsmenn SLFÍ.

Kristín Á Guðmundsdóttir formaður SLFÍ mun ekki gefa kost á sér.

Framboðum skal skila inn fyrir 1. mars n.k. á netfangið huldbirnafrimannsd@gmail.com eða skriflega á skrifstofu félagsins Grensásvegi 16, 108, Reykjavík, merkt „Kjörstjórn, Hulda Birna Frímannsdóttir, fyrir miðnætti daginn sem framboðsfrestur rennur út. Í tilkynningu um framboð skal tiltaka nafn, kennitölu og vinnustað auk þess sem mynd af frambjóðanda þarf að fylgja.

Tilkynnt verður um framboð í miðlum SLFÍ þegar framboðsfrestur er liðinn.

Samkvæmt 29. gr. laga Sjúkraliðafélags Íslands skal formaður kosinn í allsherjaratkvæðagreiðslu. Á kjörskrá með kosningarétt eru allir félagsmenn SLFÍ. Ef fleiri en einn eru í kjöri skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla.

Kynning á frambjóðendum fer fram í mars.

Gert er ráð fyrir að kosning verði rafræn og fari fram 3. – 10. apríl n.k.

Fulltrúaþing SLFÍ verður haldið 15. maí 2018 að Grensásvegi 16 (nánar auglýst síðar), en þá mun nýr formaður taka við.

Fyrir hönd kjörstjórnar SLFÍ

Hulda Birna Frímannsdóttir formaður Kjörstjórnar SLFÍ

Hulda Birna Frímannsdóttir